

Fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir stöðu viðgerða og viðhalds á leik- og grunnskóla húsnæði Reykjavíkurborgar sem eru ónothæf vegna myglu- og rakaskemmda. Óskað er eftir slíku yfirliti og tímaáætlunum s.s. hvenær framkvæmdum á að vera lokið.

Greinargerð:

Mygla og raki hafa fundist í tugum leik- og grunnskóla. Mygla í leikskólum borgarinnar hefur gert vonda stöðu enn verri. Í fyrra voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við tugi barna ef ekki hundruð. Viðgerðir eru í gangi en hvergi liggur fyrir yfirlit yfir hvaða skólahúsnæði er í endurgerð eða viðgerð og hver staðan er á hverju og einu þeirra.